

atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggja áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a- og b-lið 1. mgr. og í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslíð 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði 50. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

2. gr.

15. gr. laganna, e-liður orðist svo:

Að greiða 1% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti eftir ákvörðun ráðherra tilraunir til að koma á betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf þeirra.

3. gr.

Við 15. gr. laganna bætist nýr staflíður, f, svo hljóðandi:

Að greiða sérstakt framlag þeim sveitarfélögum, þar sem íbúum hefur fækkað næstliðið ár, sbr. 20. gr. 5. mgr.

4. gr.

4. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 4% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár, og skal þá viðkomandi sveitarfélag fá sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. 15. gr. f-lið, enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí ár hvert. Framlagið skal vera meðal-útsvar á íbúa í viðkomandi sveitarfélagi næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunar-tölunni.

6. gr.

30. gr., d-liður orðist svo:

Þó skal skipta útsvari milli sveitarfélaga, ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar o. s. frv.

7. gr.

30. gr., e-liður orðist svo:

Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en $\frac{1}{4}$ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptikröfu gerir, komi a. m. k. kr. 75 000; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

8. gr.

Á eftir 1. mgr. 61. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1965, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú telur ríkisskattstjóri, að lokinni rannsókn samkvæmt 3. mgr. 37. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, ástæðu til að breyta gjöldum, sem á eru lögð samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá lagt málið fyrir ríkisskattaneftnd, sem ákveða má gjaldþegni gjöld að nýju, þó eigi lengra aftur í tímann en 6 ár. Ætíð skal ríkisskattaneftnd gefa gjaldþegni og álagningaraðila kost á að koma athugasemdum sínum að, áður en gjöld eru ákveðin samkvæmt þessari málsgrein. Gjaldþagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.